



Skjalnúmer...: LSH-215
Útg.d...: 26.10.2017
Útgáfa...: 1.0
Áb.maður...: Guðlaug Rakeł Guðjónsdóttir

20.02.01.03 Greining á orsökum óráðs

Tilgangur

Að lýsa verklagi við greiningu á orsökum óráðs.

Hver framkvæmir og hvenær

Læknir greinir orsakir óráðs þegar óráð hefur verið staðfest.

Framkvæmd

Sjúkrasaga

Farið er yfir:

- hvort sé saga um nýlega breytingu á vitrænni getu
- bráð veikindi,
- nýlegar lyfjabreytingar
- neysla eða saga um misnotkun áfengis eða slævandi lyfja

Líkamsskoðun

- [Lífsmörk](#) eru mæld (hiti, hjartsláttartíðni, blóðþrýstingur, súrefnismettun, öndunartíðni, notkun á súrefni, meðvitundarástand (AVPU))
- Blóðsykur er stíxaður
- Metið hvort brottfallseinkenni við taugaskoðun séu til staðar
- Metið hvort teikn eru um þurrk, bjúg, sýkingu, kviðverki, þvag-eða hægðateppu eða sega í djúpum bláæðum

Áhættuþættir og orsakir

Oftast eru samverkandi grunn-áhættuþættir og orsakþættir, ef eru margir áhættuþættir þarf lítið viðbótararéiti.

Áhættuþættir:

- Heilabilun / langvinnir heilasjúkdómar (parkinson-sjúkdómur, heilaæðasjúkdómur, þunglyndi)
- Fyrri saga um óráð
- Alvarlegir langvinnir sjúkdómar
- Sjónskerðing
- Heyrnarskerðing
- Vökvaskortur
- Vannæring
- Færniskerðing
- Áfengismisnotkun
- Hár aldur

Orsakir/útleysandi þættir:

- Lyf – róandi-og svefnlyf, ópíóíðar, lyf með andkólvirkar aukaverkanir, þríhringlaga þunglyndislyf, geðrofslyf, andhistamínlyf, hjartsláttartruflanlyf, parkinsonslyf, flogaveikilyf, litíum, sykursterar, H2-blokkar, bólgueyðandi gígtarlyf o.fl. Nánar um lyf í [klínískum leiðbeiningum](#).
- Bráðir sjúkdómar s.s. sýkingar, hjartadrep, nýrnabilun og öndunarbílun.
- Sjúkdómar í miðtaugakerfi s.s. drep, blæðingar, æxli og heilahimnubólga.
- Efnaskiptaraskanir - [hypónatremía](#), hypernatremía, hyperkalsemía, raskanir á sýru- og basajafnvægi, hár blóðsykur og truflun á starfsemi skjaldkirtils. Vökvaskortur eða vannæring (muna tíamínskort).
- Áfengis- og/eða lyfjafráhrarf.
- Nýtt beinbrot.
- Sumar aðgerðir, m.a. æða-og brjóstholsaðgerðir.
- Hreyfiskerðing.
- Þvag- og/eða hægðateppa. Þvagleggur. Fjötrar. Breytingar í umhverfi. Svefntruflanir. Sársauki. Andlegt álag.

Sjá auk þess umfjöllun um áhættuþætti í [klínískum leiðbeiningum](#).

Rannsóknir

Metið er í hverju tilviki hvaða rannsóknir er viðeigandi að gera og er tekið tillit til alvarleika einkenna og vísbendingum úr sögu og skoðun.

Rannsóknir sem búið er að framkvæma eru yfirfarnar.

Blóð- og þvagrannsóknir sem getur verið viðeigandi að gera:

- [Blóðhagur](#), [natríum](#), [kalíum](#), [kalsíum](#), [kreatínín](#), [glúkósi](#), [CRP](#), þvagskoðun og [smásjárskoðun](#)
- Eftir atvikum: [ALAT/ALP](#), [albumin](#), [TNT](#), serum þéttni ákveðinna lyfja, [lyfjaleit í þvagi](#), [TSH](#), [kortisól](#), [B-12](#), [fólát](#), blóðgös, [blóðræktun](#), [þvagræktun](#) og önnur sýklaræktun ef grunur er um sýkingu.

Myndgreiningarrannsóknir sem getur verið viðeigandi að gera:

- Röntgen lungu
- TS-heili eða í völdum tilvikum SÓ-heili, sérstaklega ef ný brottfallseinkenni, grunur um höfuðáverka, þekkt krabbamein sem gæti meinverpst til heila eða ef engin skýring finnst á óráði.

Aðrar rannsóknir:

- Hjartalínurit
- Mænuástunga ef grunur um heilahimnu- eða heilabólgu.
- Heilalínurit ef grunur um flog og í völdum tilfellum til að greina geðsjúkdóma frá óráði.

Heimildir

1. Delirium: prevention, diagnosis and management. Clinical guideline (CG103) Published date: July 2010. <https://www.nice.org.uk/guidance/cg103>
 2. Inouye SK, Westendorp RG, Saczynski JS. Delirium in elderly people. [Lancet](#). 2014;383(9920):911-922.
 3. [Klínískar leiðbeiningar: Greining, forvarnir og meðferð við óráði](#).
 4. MacLulich AMJ, Anand A, Davis DHJ. New horizons in the pathogenesis, assessment and management of delirium Age and Ageing 2013; 42: 667–674 doi: 10.1093/ageing/aft148
-

Tilvísanir (0)

Síðustu breytingar og/eða athugasemdir: (0)

Ritstjórn

Sólrún Rúnarsdóttir
Elfa Þöll Grétarsdóttir

Margrét Sjöfn Torp

Hrönn Harðardóttir

Steinunn Arna Þorsteinsdóttir

Tryggvi Þórir Egilsson

Unnur Lilja Þórisdóttir - unnurlth

Samþykkjendur

Ábyrgðarmaður

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir